

Nr. 39.
16.
nóvbr.

Lög

um

skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglunga.

Vjer Frederik hinn Áttundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þegar maður er dæmdur samkvæmt hinum almennu hegningarlögum til hegningar, sem eigi er þyngri en sektir eða fangelsi, enda sjeu málsbætur fyrir hendi, svo sem æska, góð hegðun undanfarið, hreinskilin játning, afbrotið smáfelt og skaðabætur greiddar eða boðnar fram, má kveða svo á í dóminum, að fullnustu hans skuli fresta. Frestun má vera því skilyrði bundin, að dómþoli greiði þeim, er misgjört var við, skaðabætur innan ákveðins tíma, og eptir atvikum, að honum verði komið fyrir á siðbætandi heimili, er nánara sje til tekið.

Sæti dómfelldi innan 5 ára frá fullnaðar-uppsögn slíks skilorðsbundins dóms ákæru í opinberu máli fyrir glæp drýgðan af ásettu ráði, og sje hann í því máli dæmdur til þyngri hegningar en sekta, þá skal hann einnig sæta hegningu þeirri, er frestað var. Að öðrum kosti fellur niður fullnægjugjörð dómsins. Sje síðara afbrotið, er svo þung hegning var við lögð, ekki framið af ásettu ráði, ákveður dómariinn eptir öllum mála-vöxtum, hvort eldra dóminum skuli fullnægt eða ekki.

Nú er afbrot drýgt innan hinna ákveðnu 5 ára, en mál eigi höfðað fyrr en þau eru liðin, og skal þá skilorðsbrotið tekið til greina sem hegningarauki, þá er hegningin fyrir hið nýja afbrot er metin.

Ef skilyrði, sem sett er fyrir hegningarfrestun samkvæmt öðrum lið fyrstu málsgreinar, er rofið, skal dómþoli einnig sæta hegningunni, nema hann sanni, að hann hafi eigi getað fullnægt skilyrði dómsins af ástæðum, sem honum verður eigi gefin sök á. Þegar svo stendur á, getur dómþoli krafizt úrskurðar hins sama dómstóls, sem áður hefur dæmt í málinu, um það, hvort dómi skuli fullnægt, eða skilorðið falla burt, eða því skuli eptir atvikum breytt. Úrskurði þessum getur dómþoli eigi áfrýjað til æðri rjettar.

2. gr.

Verði hegningu, er frestað hefur verið, eigi fullnægt, telst henni sætt við dóms-uppsögn. Að liðnum 5 árum frá dómsuppsögn nýtur þá dómþoli allra rjettinda, er fást með uppreist á æru, án þess uppreist sje veitt.

Nr. 39. Lög 16. nóvember um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglunga.

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18. September 1891.

LOV

om

Nr. 39.
16.
Novbr.

betingede Straffedomme og Straf for Børn og unge Personer.

Vi Frederik den Ottende, af Guds Naade Konge til Danmark,
de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken,
Lauenborg og Oldenburg,

Gøre vitterligt: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Naar en Person er bleven idømt Straf i Henhold til den almindelige Straffelov, og Straffen ikke overstiger Bøder eller Fængsel, kan det, under formildende Omstændigheder saasom Ungdom, foregaaende hæderlig Vandel, uforbeholden Tilstaaelse, Genstandens ubetydelige Værdi, ydet eller tilbudt Erstatning, i Dommen bestemmes, at Fuldbyrnelsen skal udsættes. Udsættelsen kan betinges af, at den domfældte inden en fastsat Frist yder den forurettede Erstatning, og efter Omstændighederne af, at han undergives en nærmere bestemt moralsk Forsorg.

Bliver den saaledes domfældte inden Forløbet af 5 Aar fra den endelige Afsigelse af den betingede Dom under en offentlig Sag tiltalt for en forsætlig Forbrydelse med det Udfald, at han idømmes højere Straf end Bøder, bliver ogsaa den udsatte Straf at fuldbyrde. I modsat Fald bortfalder Fuldbyrnelsen. Er den senere begaaede Forbrydelse, for hvilken Straf af den anførte Størrelse er forskyldt, uagtsom, afgør Retten efter samtlige Forhold, om den tidligere Dom bør fuldbyrdes eller ikke.

Finder Tiltale for en inden de 5 Aar begaaet Forbrydelse først Sted efter de 5 Aars Udløb, kommer det stedfundne Brud paa Betingelsen i Betragtning som en skærpende Omstændighed ved Udmaalingen af Straffen for den nye Forbrydelse.

Opfyldes en i Medfør af 1ste Stykke 2det Punktum, fastsat Betingelse ikke, bliver Straffen ligeledes at fuldbyrde, medmindre den domfældte beviser at Ikkeopfyldelsen skyldes Omstændigheder, som ikke kunne tilregnes ham. Efter hans Begæring bliver det da af den Ret, som har paadømt Sagen, ved Kendelse at afgøre, om Fuldbyrnelsen skal finde Sted, eller Betingelsen frafaldes eller ændres efter Forholdene. Saa-
dan Kendelse kan ikke af domfældte indankes for højere Ret.

§ 2.

Kommer den udsatte Straf ikke til Fuldbyrkelse, betragtes den som udstaaet ved Dommens Afsigelse. Naar 5 Aar ere forløbne fra Dommens Afsigelse indtræde de til Æresoprejsning knyttede Følger uden Æresoprejsnings Meddelelse.

Nr. 39. Lov af 16. November om betingede Straffedomme og Straf for Børn og unge Personer.

Nr. 39.
16.
nóvbr.

3. gr.

Nú sætir maður, sem felldur hefur verið til skilorðsdóms, innan 5 ára frá fullnaðar-uppsögn dómsins, ákæru í opinberu máli fyrir hegningarvert athæfi, er hann hefur drýgt, áður en skilorðsdómurinn var uppkveðinn yfir honum í hjeradi, og lögð er við önnur hegning en sú, sem fresta má fullnustu á samkvæmt 1. gr., og skal rjetturinn þá ákveða nýja hegningu í einu lagi fyrir bæði afbrotin, sbr. 63. og 65. gr. hinna almennu hegningarlaga.

Sje hins vegar hegning sú, sem á við það brot, er síðar komst upp, þess eðlis, að kveða megi upp skilorðsbundinn hegningardóm fyrir brotið, þá skal rjetturinn, að athuguðum þeim málavöxtum, sem fram eru teknir í 1. gr., úrskurða, hvort ákveða beri hegningu, er þegar verði fullnægt í einu lagi, eða hvort uppkveða eigi nýjan skilorðsbundinn hegningardóm.

4. gr.

Í niðurlagi hvers skilorðsbundins hegningardóms skal með skírskotun til laga þessara, með berum orðum taka fram, að hegningin falli niður eftir 5 ár, ef haldin sjeu skilorð laganna og dómsins.

5. gr.

Börn skulu eigi sæta hegningu fyrir afbrot, sem þau drýgja innan fullnaðs 14 ára aldurs, en í þess stað skal, eftir að venjuleg sakamálsrannsókn hefur farið fram, beita hæfilegum uppeldis- og öryggisráðstöfunum gegn slíkum börnum, svo sem með því að beina aðvörun til barnsins og forsjármanns þess, með því að skipa áreiðanlegan mann eða konu, er til þess er fús og fallin, til þess að hafa umsjá með forsjármanni að því er snertir uppeldi barnsins, með fyrirskipun um, að forsjármaður barnsins skuli veita því hæfilega refsingu í heimahúsum undir því eptirliti, sem fullnægjandi er talið, eða með því, að koma barninu fyrir annarsstaðar á góðu heimili í sveit, ef um kaupstaðabörn er að ræða, þannig, að uppeldisrjetturinn sje fenginn í hendur þar til hæfum manni. Þyki þetta síðastnefnda eigi nauðsynlegt, skal forsjármanni þó jafnan tjáð, að hann megi búast við því, að barnið verði tekið frá honum og fengið öðrum til uppeldis, ef hinum fyrirskipuðu ráðstöfunum er eigi hlýtt, eða það að öðru leyti þyki nauðsynlegt vegna barnsins.

Um þær ráðstafanir, sem eigi lúta að því að taka barnið burt frá heimili þess og koma því fyrir annarsstaðar, getur lögreglustjóri tekið ákvörðun. Úrskurði hans geta foreldrar eða forsjármaður þó áfrýjað til stjórnarráðsins. Ákvörðun um, að barni skuli komið burt frá heimili þess og að uppeldisrjetturinn skuli tekinn af foreldrum eða þeim, sem hafa hann að lögum, og falinn öðrum, verður því að eins framkvæmd, að stjórnarráðið skipi svo fyrir, nema foreldrar eða forsjármaður samþykki. Fyrirskipa má, að slík ráðstöfun skuli haldast til 18 ára aldurs, og þyki stjórnarráðinu sjerstakar ástæður til bera, getur það ákveðið, að dvöl ungmennisins á tilteknum stað utan heimilis þess skuli haldast allt að því 3 ár fram yfir þann tíma.

Við sakamálsrannsókn gegn börnum má ekki setja þau í gæzluvarðhald, nema ómögulegt sje að ná tilganginum með því að fela áreiðanlegum mönnum eptirlit með barninu. Allan kostnað, sem leiðir af uppeldis- og öryggisráðstöfunum þeim, er um ræðir í þessari grein, skal greiða eftir sömu reglum og annan sakamálskostnað, og skal framfærslumaður endurgreiða landssjóði framfærslukostnað til 16 ára aldurs samkvæmt reglum fátækralaganna.

6. gr.

Ákvæði þau, sem gilda um málshöfðun og hegningu fyrir afbrot, er drýgð eru af unglingum, sem eru frá 15 til 18 ára að aldri, skulu einnig gilda um þau afbrot, sem Nr. 39. Lög 16. nóvember um skilorðsbundna hegningardóma og hegningu barna og unglinga.

§ 3.

Bliver den betinget domfældte inden 5 Aar efter endelig Afsigelse af den betingede Dom under en offentlig Sag tiltalt for nogen strafbar Handling, der er begaaet førend den betingede Dom overgik ham i 1ste Instans, og for hvilken der er forskyldt anden Straf end saadan, hvis Fuldbyrkelse efter § 1 kan udsættes, skal Retten fastsætte en ny, for begge Forbrydelser fælles Straf, jfr. almindelig Straffelovs §§ 63 og 65.

Er det derimod efter den for det senere oplyste Forhold forskyldte Straf ikke udelukket, at betinget Straffedom med Hensyn til dette kunde afsiges, skal Retten under Hensyn til de i § 1 fremhævede Omstændigheder afgøre, om en for begge Forbrydelser fælles Straf til Fuldbyrkelse uden Udsættelse bør fastsættes, eller om ny betinget Straffedom bør afsiges.

§ 4.

I enhver betinget Straffedoms Konklusion skal det under udtrykkelig Henvisning til denne Lov udtales, at Straffen efter 5 Aars Forløb vil bortfalde, saafremt de i Loven og Dommen fastsatte Betingelser overholdes.

§ 5.

Lovovertrædelser, begaaede af Børn inden deres fyldte 14 Aar, straffes ikke, men i Stedet for Straf bliver, efter foretagen sædvanlig strafferetlig Undersøgelse, overfor saadanne Børn at anvende de fornødne Opdragelses- og Sikringsmidler, saasom Advarsel til Barnet og dets Opdrager, Anordning af Tilsyn med Opdrageren ved en paalidelig Mand eller Kvinde, som dertil er villig og egnet, Paalæg til Opdrageren om at tildele Barnet en passende Revselse i Hjemmet under saadant Opsyn, som findes formaalstjenligt, samt Anbringelse af Barnet andetsteds i et godt Hjem paa Landet, hvis Talen er om Købstadbørn, saaledes at Opdragelsesretten overdrages til en dertil egnet Person. Findes den sidstnævnte Foranstaltning ikke fornøden, bliver det dog at tilkendegive Opdrageren, at han maa vente, at Barnet fratages ham, og overgives en anden til Opdragelse, naar de givne Paalæg ikke efterkommes, eller det iøvrigt for Barnets Skyld maatte vise sig nødvendigt.

Om Foranstaltninger, der ikke gaa ud paa Anbringelse uden for Hjemmet, kan Politimesteren tage Bestemmelse. Dog kan dennes Afgørelse paaklages af Barnets Forældre eller Værge til Ministeriet. Anbringelse udenfor Hjemmet og Opdragelsesrettens Overførelse fra Forældre eller dem, som ifølge Loven ere i Besiddelse af samme, til andre uden Samtykke af Forældre eller Værge kan kun Ministeriet anordne. Saadan Anbringelse kan udstrækkes til Barnets 18de Aar, og under særegne Omstændigheder kan Ministeriet bestemme, at den skal vedvare udover denne Alder indtil 3 Aar fra Anbringelsen.

Under den strafferetlige Undersøgelse angaaende Børns Lovovertrædelser bør Varetægtsfængsel overfor dem kun anvendes, naar Omstændighederne ikke tillade at erstatte det ved at sætte Barnet under Tilsyn af paalidelige Personer.

Alle Udgifter ved de i denne Paragraf omhandlede Opdragelses- og Sikringsforanstaltninger afholdes som Delinkventomkostninger, og skal Barnets Forsørger refundere Landskassen Forsørgelsesomkostningerne indtil Barnet har fyldt 16 Aar efter de i Fattigloven givne Regler.

§ 6.

De om Straf for og Paatale af Lovovertrædelser, begaaede af Personer mellem 15 og 18 Aar, gældende Bestemmelser udvides til at gælde om Overtrædelser, begaaede

Nr. 39. Lov af 16. November om betingede Straffedomme og Straf for Børn og unge Personer.

Nr. 39. unglíngar á 14 til 15 ára aldri fremja, með þeirri einni breytingu, að ef pilti á þessum
16. aldri er dæmd hýðing, þá skal hún á lögð með vendi en eigi með reyrpriki.
nóvbr.

Ef álíta má, að hegning unglings, sem er frá 14 til 18 ára að aldri, fari ekki fram úr lágu stigi hegningarvinnu, getur stjórnarráðið ákveðið, að málshöfðun skuli falla niður með því skilyrði, að sakborning sje komið fyrir á góðu heimili í sveit um tiltekinn árafjölda, allt að fullum 21 árs aldri, og að hann þann tíma sje háður eptirliti, er hæfa þykir, svo sem umsjón tiltekinna manna, fjelaga eða stofnana, er til þess þykja fallin, eða á annan hátt. Til slíkrar ráðstafanar þarf ekki samþykki foreldra eða forsjármanns. Geri hinn seki sig á þessum tíma beran að nýjum glæp, eða brjóti hann í einhverju verulegu gegn þeim reglum, sem settar eru af hinni skipuðu tilsjón, skal málið tekið upp að nýju eptir fyrirskipun stjórnarráðsins. Kostnaður við þessar ráðstafanir greiðist á sama hátt sem sakamálskostnaður. Um endurgjald á framfærslukostnaði fer eins og segir í niðurlagi 5. greinar.

7. gr.

Þær breytingar, sem lög þessi hafa inni að halda á fullnustu hegningar og ákvæði um afbrot barna og unglínga, skulu koma til framkvæmda í öllum málum, sem fá endileg dómsúrslit eptir að lög þessi ganga í gildi. Þó koma ákvæðin í 6. gr., um afbrot unglínga á 14—15 ára aldri, eigi til framkvæmda um brot, sem drýgð eru áður lögin öðlast gildi, ef hinn seki verður við það fyrir þyngri hegning heldur en eptir lögum þeim, sem nú eru í gildi.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 16. nóvember 1907.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

i Alderen mellem 14 og 15 Aar, dog saaledes, at i Fald en Dreng i denne Alder er idømt legemlig Revselse, skal der anvendes Ris, men ikke Spanskrør. Skønnes det at Straffen for en Person mellem 14 og 18 Aar ikke vil overstige en lavere Grad af Strafarbejde, kan Ministeriet bestemme, at Paatale bortfalder paa Betingelse af, at den paagældende anbringes i et godt Hjem paa Landet i et fastsat Aaremaal, der kan strække sig indtil det fyldte 21de Aar, undergives et dertil skikket Tilsyn af dertil egnede bestemte Mænd, Foreninger eller Institutioner, eller paa anden Maade. Til Gennemførelsen af saadan Foranstaltning er Forældres eller Værges Samtykke ikke nødvendigt. Sagen bliver efter Ministeriets Bestemmelse at genoptage, saafremt den paagældende inden den fastsatte Tidsfrists Udløb enten gør sig skyldig i ny Forbrydelse eller begaar væsentlig Overtrædelse af de ham af Tilsynet meddelte Forskrifter. Udgifter ved en saadan Foranstaltning afholdes som Delinkventomkostninger. Med Hensyn til Refusion af Forsørgelsesomkostninger finder Slutningsbestemmelsen i § 5 tilsvarende Anvendelse.

Nr. 39.
16.
Novbr.

§ 7.

De i denne Lov indeholdte ændrede Regler om Straffes Fuldbyrkelse saavel som Lovens Bestemmelser om Straf for Børn og unge Personer komme til Anvendelse i alle Tilfælde, hvor Sagens endelige retslige Afgørelse finder Sted, efter at Loven er traadt i Kraft. Dog komme Bestemmelserne i § 6, om Forbrydelser, begaaede af Personer mellem 14 og 15 Aar, ikke til Anvendelse i Sager angaaende Forbrydelser, som ere begaaede inden Lovens Ikrafttræden, naar Anklagede derved vilde blive idømt en strengere Straf end efter den hidtilværende Lovgivning.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

Givet paa Amalienborg, den 16. November 1907.

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

Frederik R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Islands Ministerium, den 16. November 1907.

H. Hafstein.

Ólafur Halldórsson.